

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp og heimilisþjónustu í Reykjavík.

#### 1. gr.

Félagsmálaráð fer með stjórn heimilishjálpar og heimilisþjónustu í Reykjavík. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar annast daglegan rekstur.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar og heimilisþjónustu er:

- a. að veita hjálp á heimilum um stundarsakir þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum, sem metnar eru gildar, sbr. lög nr. 10/1952.
- b. að veita hjálp vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis, sbr. lög nr. 10/1952.
- c. að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

#### 3. gr.

Umsókn um heimilishjálp og heimilisþjónustu skal fylgja vottorð lækni um heilsufar umsækjanda og fullt samráð skal hafa við heimilislækni, er þurfa þykir.

#### 4. gr.

Stjórnandi heimilishjálpar og heimilisþjónustu skal ganga úr skugga um að starfsmenn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf, sem hafa lokið tilskyldum námskeiðum.

Starfsmenn skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni og er skylt að undirgangast lækni skoðun og bólusetningar, ef þess er talin þörf.

#### 5. gr.

Félagsmálaráð staðfestir reglur fyrir starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu, þar sem tiltekin eru m. a. verkefni starfsmanna. Skal kynna reglur þessar fyrir starfsfólki og aðstoðarþegum.

#### 6. gr.

Starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu taka laun sín frá Reykjavíkurborg og skulu um launakjör gilda samningar milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þeir veita aðstoð.

Starfsmenn skulu gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

#### 7. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er borgarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði.

Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp og heimilisþjónustu eða fella greiðslur alveg niður, þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 19. mars 1962 um heimilishjálp í Reykjavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1979.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Siglufjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Félagsmálaráð Siglufjarðar fer með stjórn heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, er félagsmálaráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

#### 3. gr.

Félagsmálaráð skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlegt starfslíð til heimilishjálpar. Félagsmálaráði ber að ganga úr skugga um, að starfslíð það er heimilishjálpar stundar á vegum þess, sé hæft til starfsins, hafi t. d. lokið tilskyldu námskeiði eða sýnt hæfni í verki. Það skal leggja fram læknisvottorð.

Um launakjör starfslíðs heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs og gildandi samningum.

#### 4. gr.

Bæjarsjóður Siglufjarðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslíð það er að heimilishjálpar vinnur, kann að valda við störf sín.

#### 5. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvaða form skuli vera á umsóknum um heimilishjálpar.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálpar skulu notendur greiða eftir gjaldskrá er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og ráðherra staðfestir. Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálpar að nokkru eða öllu leyti, að fengnu samþykki bæjarráðs.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

#### 7. gr.

Bæjarráð veitir félagsmálaráði nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda og skrifstofustörf.